



STRANDBÚNAÐUR 2017

Grand Hótel Reykjavík
13.-14. mars



Arion banki



WWW.STRANDBUNADUR.IS

Formáli

Tilgangur með stofnun Strandbúnaðar ehf. er að stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um strandbúnað og styðja þannig við menntun, rannsóknir, þróun og stefnumótun greinarinnar. Félagið er ekki hagsmunasamtök einstakra hópa og vinnur ekki að hagsmunagæslu.

Strandbúnaður er samheiti yfir atvinnugreinar sem tengjast nýtingu land- og/eða sjávangæða í og við strandlengju landsins, hvort sem um ræktun eða eldi er að ræða. Hluthafar eru nú 13 og óskum við eftir fleiri hluthöfum og gefst nýjum aðilum tækifæri til þess á aðalfundi vettvangsins þann 14. mars.

Hugmyndin með stofnun Strandbúnaðar er að ná saman á einum stað þversniði af greininni til að vinna að framförum og sókn. Innan þessa hóps eru þeir sem starfa við þörungarækt, skeldýrarækt, seiðaelði, matfiskeldi, sölu og markaðssetningu, fóðurframleiðendur, tækjafframleiðendur og aðrir þjónustuaðilar, rannsóknastofnanir, menntastofnanir, ráðuneyti og stofnanir þeirra.

Strandbúnaður ehf. mun halda ráðstefnu í mars á hverju ári þar sem fjallað er um mikilvæg viðfangsefni á sviði fiskeldis, skeldýra- og þörungaræktar og vonast er til að hún verði uppspretta hugmynda og hvatning til góðra verka. Það er þörf á vettvangi fyrir alla þá er tengjast strandbúnaði. Fram að þessu hefur verið skortur á hlutlausum vettvangi þar sem fólki gefst tækifæri á að hittast, styrkja sambönd og mynda tengsl.

Við vonumst til að ráðstefnan verði uppspretta hugmynda og hvatning til góðra verka. Í tengslum við ráðstefnu er gert ráð fyrir að halda aðalfundi samtaka, námskeið, kynningafundi og fá þannig fjölda manns innan greinarinnar á Strandbúnaðarvikuna. Á þessu ári munu bæði Landssamband fiskeldisstöðva og Skelrækt halda aðalfundi í tengslum við ráðstefnu Strandbúnaðar. Jafnframt eru þjónustufyrirtæki með kynningarfundum.

Við val á stjórn félagsins er leitast við að hún endurspegli sem best starfsemi strandbúnaðar. Einn fulltrúi verði frá þjónustufyrirtækjum, einn frá opinberum aðila, tveir frá fiskeldisfyrirtækjum, einn frá skeldýrarækt og einn frá þörungaræktendum. Enginn situr samfelld lengur en tvö ár í stjórn Strandbúnaðar. Það er gert til að tryggja að sjónarmið sem flestra innan greinarinnar nái fram og stöðugt komi inn aðilar með nýjar hugmyndir og tengingar. Á aðalfundi Strandbúnaðar þann 14. mars verða nýir aðilar kosnir í stjórn vettvangsins – Ert þú tilbúin/inn að koma inn í stjórnina, á þessu ári eða næstu árum?

Fjölmargir hafa komið að stofnun Strandbúnaðar ehf. og lagt sitt að mörgum til að tryggja framgang vettvangsins. Við undirbúning á Strandbúnaði 2017 á Grand Hóтели Reykjavík, 13.-14. mars hafa einnig margir komið og vill stjórn vettvangsins þakka öllum þessum aðilum þeirra framlag og þá sérstaklega fyrirlesurum sem halda erindi á ráðstefnunni.

Stjórn Strandbúnaðar ehf.
Arnþjóður Bjarki Bergsson, formaður
Elvar Árni Lund
Halla Jónsdóttir
Höskuldur Steinarsson
Jónas Jónasson
Valdimar Ingi Gunnarsson

Útgefandi: Strandbúnaður ehf.
Umsjón með útgáfu: Valdimar Ingi Gunnarsson
Skráning og móttaka: Athygli ráðstefnur
Útgáfa: Rafrænt eintak sem hægt er að sækja á vefsíðunni strandbunadur.is



FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI

Eimskip er stolt af því að vera á lista framúrskarandi fyrirtækja árið 2016 og er þetta viðurkenning á þeim góða árangri sem Eimskip hefur náð síðustu árin. Jafnframt er viðurkenningin hvatning til starfsmanna félagsins um áframhaldandi gott og metnaðarfullt starf.



Korngördum 2 | 104 Reykjavík | 525 7000 | eimskip.is

Dagskrá

Mánudaginn 13. mars

Gullteigur - Salur A	Gullteigur - Salur B
Aðalfundur Landssambands fiskeldisstöðva	Aðalfundur Skelræktar
10:00 Aðalfundur	09:00 Aðalfundur

12:00 Afhending gagna - Strandbúnaður 2017

Gullteigur
Strandbúnaður á Íslandi: Staða, framtíðarsýn og skipulag <i>Umsjónarmaður:</i> Elvar Árni Lund, Fjarðarskel <i>Málstofustjóri:</i> Arnljótur Bjarki Bergsson, Mátís
13:00 <i>Setning</i> , Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegsráðherra 13:15 <i>Strandbúnaður - Tilurð félagsins og markmið</i> , Valdimar Ingi Gunnarsson, Strandbúnaður 13:25 <i>Skipulag haf- og strandsvæða, markmið og staða</i> , Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, Skipulagsstofnun 13:45 <i>Fiskeldi á Íslandi – Staða og framtíðaráform</i> , Höskuldur Steinarsson, Landssamband fiskeldisstöðva 14:00 <i>Skeldýrrækt - Staðan og framtíðaráform</i> , Elvar Árni Lund, Skelrækt 14:10 <i>Þörungarækt - Staðan og framtíðaráform</i> , Sjöfn Sigurgísladóttir, KeyNatura 14:20 <i>Hvert eigum við að stefna með fiskeldið ?</i> Einar K. Guðfinnsson, Landssamband fiskeldisstöðva 14:30 <i>Umræður</i>

Kaffi: 14:50-15:20

Málstofa A1 Gullteigur	Málstofa B1 Hvammur
Framtíð bleikjueldis á Íslandi <i>Umsjónarmaður:</i> Höskuldur Steinarsson, Landssamband fiskeldisstöðva <i>Málstofustjóri:</i> Árni Ólafsson, Menja	Þörungarækt og nýting þörunga <i>Umsjónarmaður:</i> Halla Jónsdóttir, KeyNatura <i>Málstofustjóri:</i> Sjöfn Sigurgísladóttir, KeyNatura
15:20 <i>Bleikjueldi - hvað þarf til?</i> Jón Kjartan Jónsson, Íslandsbleikja 15:35 <i>Fóður – staðan og þróunarverkefni</i> , Ólafur Sigurgeirsson, Háskólinn á Hólum 15:50 <i>Árangur kynbótastarfs og hrognaframleiðsla</i> , Einar Svavarsson, Háskólinn á Hólum 16:05 <i>Afrakstur kynbótastarfs og hrognaframleiðslu</i> , Sveinbjörn Oddsson, Matorka 16:20 <i>Heilbrigðismál í bleikjueldi</i> , Bernharð Laxdal, Fish Vet Group 16:35 <i>Umræður</i>	15:20 <i>Virðisaukning afurða og vöruþróun úr smápörungum</i> , Halla Jónsdóttir, KeyNatura 15:35 <i>Framþróun og ræktunartækni smápörunga</i> , Tryggvi Stefánsson, Algalíf 15:50 <i>Stórþörungur – Umfang, nytjar og hömlur</i> , Karl Gunnarsson, Hafrannsóknastofnun 16:05 <i>Vinnsla og vöruþróun úr stórþörungum</i> , Rósa Jónsdóttir, Mátís 16:20 <i>Virðisaukandi fyrirtæki í vinnslu þörunga</i> , Þorsteinn Ingi Sigfússon, Nýsköpunarmiðstöð Íslands 16:35 <i>Umræður</i>

Lok fyrsta dags: 17:00

Priðjudaginn 14. mars

Málstofa A2 Gullteigur - Salur A	Málstofa B2 Gullteigur - Salur B
Ræktun bláskeljar <i>Umsjónarmaður:</i> Elvar Árni Lund, Fjarðarskel <i>Málstofustjóri:</i> Hreiðar Þór Valtýsson, Háskólinn á Akureyri	Menntun í strandbúnaði <i>Umsjónarmaður:</i> Arnljótur Bjarki Bergsson, Matís <i>Málstofustjóri:</i> Stefán Óli Steingrímsson, Háskólinn á Hólum
09:00 <i>Bláskeljaræktun í Steingrímsfirði</i> , Halldór Logi Friðgeirsson, Strandaskel	09:00 <i>Staða og framtíðarsýn á menntun í fiskeldi</i> , Helgi Thorarensen, Háskólinn á Hólum
09:15 <i>Tillögur starfshóps um skeldýrarækt á Íslandi</i> , Sigurgeir Þorgeirsson, sjávarútvegsráðuneytið	09:15 <i>Samspil menntunar og þróunar strandbúnaðar</i> , Rannveig Björnsdóttir, Háskólinn á Akureyri
09:30 <i>Heilnæmni íslenskrar bláskeljar / Kynning á AVS verkefni</i> , Sophie Jensen, Matís	09:30 <i>The role of education in aquaculture for the strengthening of coastal communities</i> , Catherine Chambers, Háskólasetun Vestfjarða
09:50 <i>Verklag við opnum svæða og uppskeruleyfi</i> , Dóra Gunnarsdóttir, Matvælastofnun	09:40 <i>Óskir fyrirtækja í strandbúnaði eftir menntuðum starfsmönnum</i> , Anna Vilborg Rúnarsdóttir, Arnarlaxi
10:05 <i>Blue mussel farming in international context</i> , Wim Bakker, W.Bakker	09:55 <i>Geta nemendur skapað tækifæri í Strandbúnaði</i> , Gunnur Sveinsdóttir og Braga Stefany Mileris KeyNatura
10:20 <i>Umræður</i>	10:10 <i>Viðhorf starfsmanna sem lokið hafa námi í strandbúnaði</i> , Arnþór Gústafsson, Arctic Fish
	10:25 <i>Umræður</i>

Kaffi 10:50-11:20

Málstofa A3 Gullteigur - Salur A	Málstofa B3 Gullteigur - Salur B
Framtíð laxeldis og umhverfismál <i>Umsjónarmaður:</i> Jónas Jónasson, Stofnfiskur <i>Málstofustjóri:</i> Höskuldur Steinarsson, Landssamband fiskeldisstöðva	Vaxtarsprotar strandbúnaðar <i>Umsjónarmaður:</i> Arnljótur Bjarki Bergsson, Matís <i>Málstofustjóri:</i> Hjörleifur Einarsson, Háskólinn á Akureyri
11:20 <i>Laxeldi á Íslandi – atvinnuuppbygging á landsbyggðinni</i> , Guðmundur Gíslason, Fiskeldi Austfjarða	11:20 <i>Mat á lífrænu álagi í fiskeldi – leið til aukinnar sjálfbærni</i> , Þorleifur Eiríksson, RORUM
11:30 <i>Lífrænt álag við sjókvíar</i> , Jón Örn Pálsson, Eldi og umhverfi	11:35 <i>Samrækt</i> , Ragnheiður Þórarinsdóttir, Svinna
11:45 <i>Integrity of equipment, work procedures and prevention of failure and environmental impacts</i> , Olve Vangdal, DNV GL	11:50 <i>Hrognafylling Ígulkerar</i> , Ragnar Jóhannsson, Hafrannsóknastofnun
12:05 <i>Kynbætur og eldi á ófrjóum laxi</i> , Theódór Kristjánsson, Stofnfiskur	12:05 <i>Hrognkelsi</i> , Tómas Árnason, Hafrannsóknastofnun
12:20 <i>Heilbrigðismál; áhætta og forvarnir</i> , Gísli Jónsson, Matvælastofnun	12:20 <i>Kostir landeldis fyrir botnlæg sjávardýr- reynsla af sæeyrnaeldi á Eyrarbakka</i> , Kolbeinn Björnsson, Sæbýli
12:35 <i>Fóðurframleiðsla til fiskeldis – Áhrif á umhverfi</i> , Birgir Örn Smáráson, Matís	12:35 <i>Oysterfarming</i> , Wim Bakker, W.Bakker
12:50 <i>Umræður</i>	12:50 <i>Umræður</i>

Dagskrá

Þriðjudaginn 14. mars

Kaffi 13:10-13:40

Gullteigur

Íslenskur strandbúnaður og alþjóðlegt samhengi

Umsjónarmaður: Valdimar Ingi Gunnarsson, Sjávarútvegsþjónustan

Málstofustjóri: Einar Kr. Guðfinnsson, Landssamband fiskeldisstöðva

13:40 Samantekt málstofustjóra úr málstofum

- Strandbúnaður á Íslandi: Staða, framtíðarsýn og skipulag, Arnljótur Bjarki Bergsson, Matís
- Framtíð bleikjueldis á Íslandi, Árni Ólafsson, Menja
- Þörungarækt og nýting þörunga, Sjöfn Sigurgísladóttir, Keynatura
- Ræktun bláskeljar, Hreiðar Valtýsson, Háskólinn á Akureyri
- Menntun í strandbúnaði, Stefán Óli Steingrímsson, Háskólinn á Hólum
- Framtíð laxeldis og umhverfismál, Höskuldur Steinarsson, Landssamband fiskeldisstöðva
- Vaxtarsprotar strandbúnaðar, Hjörleifur Einarsson, Háskólinn á Akureyri

14:20 Overview of world aquaculture – the development in the first 15 years in the new millennium, Mr. Xiaowei Zhou, FAO

14:40 Umræður

14:55 Ráðstefnuslit, Sigurður Guðjónsson, Hafrannsóknastofnun

15:00 Ráðstefnulok

Aðalfundur Strandbúnaðar ehf.

15:10 Kosning þriggja nýrra fulltrúa í stjórn. Skipulag Strandbúnaðar 2018 o.fl.

Styrktaraðilar Strandbúnaðar 2017



LANDSSAMBAND
FISKELDISSTÖÐVA



Búðu þig undir ferska fram tíð

Það er sama hvað grunnhugmyndin er einföld og þekkingin djúp: Til að byggja upp fyrirtæki þarf trausta samstarfsaðila sem trú á það sem þú ert að gera.

Kynntu þér þjónustu okkar á
arionbanki.is/fyrirtaeki

Fyrirtækjþjónusta Arion banka



Alda Agnes Gylfadóttir

framkvæmdastjóri
Einhamar Seafood í Grindavík

1989

„Þegar ég byrjaði var allt fryst, allir frystar landsins fullir og það tók einhverjar vikur að koma fiskinum á markað.“

2017

„Hjá okkur er ekki framleitt eitt einasta flak sem ekki er búið að panta. Fiskurinn er kominn til neytanda í Boston 36 tímum eftir löndun.“

Einhamar

352

Einhamar

340

Einhamar

66

Strandbúnaður á Íslandi: Staða, framtíðarsýn og skipulag



Málstofustjóri:
Arnþjófur Bjarki Bergsson
Sviðsstjóri
Innleiðing og áhrif
Matís

Ráðstefnusalur:
Gullteigur

Dagur:
Mánudagur

Tímasetning:
13:00-14:30

Strandbúnaður er samheiti yfir atvinnugreinar sem tengjast nýtingu land- og/eða sjávargæða í og við strandlengju landsins, hvort sem um er að ræða ræktun eða eldi. Tilgangur félagsins Strandbúnaðar er að stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um strandbúnað og styðja þannig við menntun, rannsóknir, þróun og stefnumótun greinarinnar.

Á málstofunni verður farið yfir skipulag strandbúnaðar sérstaklega m.t.t. sjókvíældis og þær breytingar sem eru framundan með fyrirhuguðum nýjum lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Gefið verður yfirlit yfir stöðu og framtíðaráform í fiskeldi, skeldýra- og þörungarækt. Greint verður frá hlutverki nefndar sem nú vinnur að stefnumótun fyrir íslenskt fiskeldi og væntingar sem atvinnugreinin hefur til þessa starfs.



Umsjónarmaður málstofu:
Elvar Árni Lund
Framkvæmdarstjóri
Fjarðarskel ehf.

Setning



Þorgerður Katrín
Gunnarsdóttir
sjávarútvegsráðherra

Strandbúnaður - Tilurð félagsins og markmið

Vettvangurinn Strandbúnaður ehf. var stofnaður af 13 aðilum í lok ársins 2016. Farið verður yfir aðdraganda að stofnun vettvangsins, nafninu strandbúnaður, strandbúnaðarvikuna, tilganginn með stofnun vettvangsins og skipulag. Fyrsta verkefni Strandbúnaðar er að halda þessa ráðstefnu og næstu verkefni verða ákveðin af hluthöfum á aðalfundum vettvangsins á næstu árum.

Skipulag haf- og strandsvæða, markmið og staða

Umhverfis- og auðlindaráðherra áformar að leggja fram nú á vörpingi frumvarp til laga um skipulagsgerð á haf- og strandsvæðum. Í erindinu verður fjallað um þróun og markmið haf- og strandsvæðaskipulags í alþjóðlegu samhengi og hvernig má sjá fyrir sér að það geti komið að notum við nýtingu strandsvæða hér við land.

Fiskeldi á Íslandi – Staða og framtíðaráform

Fjallað verður um stöðu og horfur í íslensku fiskeldi eins og landslagið í greininni er nú á árinu 2017. Hvert stefnum við, hvar er vaxtarbroddurinn og tækifærin og hverjar eru helstu áskoranir sem framundan eru í atvinnugreininni?



Höskuldur Steinarsson
Framkvæmdarstjóri
Landssamband fiskeldisstöðva



Elvar Árni Lund
Framkvæmdarstjóri
Fjarðarskel ehf.

Skeldýrrækt - Staðan og framtíðaráform

Greint verður frá stöðu bláskeljaræktar á Íslandi og framtíðarsýn. Hvers vegna að stunda skelrækt á Íslandi? Hvaða verkefni þarf að leysa til að skeldýrarækt verði umsvifamikil atvinnugrein. Hvaða hindranir þarf að yfirstíga í tækni og aðferðarfræði við ræktun og uppskeru. Einnig greint frá hugsanlegum tækifærum varðandi útflutning og möguleikum á umfangsmeiri framleiðslu og sölu á bláskel á Íslandi með auknum fjölda ferðamanna.



Sjöfn Sigurgísladóttir
Framkvæmdastjóri
KeyNatura og Gesta-
prófessor í Háskóla Íslands

Þörungarrækt - Staðan og framtíðaráform

Þörungarræktun er ný atvinnugrein sem er í hraðri framþróun og uppbyggingu á heimsvísu og nú þegar eru orðin til alþjóðleg fyrirtæki sem framleiða og selja hágæða afurðir úr þörungum. Þörungar eru ljóstillífandi lífverur og framleiða helstu næringarefni sem mannlíkaminn þarf s.s. prótein, fitu og kolvetni auk annarra næringarefna. Þörungaframleiðsla og vinnsla afurða úr þeim hentar vel sem atvinnugrein fyrir samfélög sem bjóða upp á nægt rafmagn, vatn og ferskt loft. Hreinleikaímynd Íslands hentar vel fyrir þessa nýju atvinnugrein. Farið verður yfir stöðu atvinnugreinarinnar og tækifæri fyrir Ísland.

Hvert eigum við að stefna með fiskeldið ?

Í erindinu verður horft fram á veginn. Ræddar spurningar er lúta að umfangi greinarinnar, áhrifum hennar á samfélagið og ekki síst nær samfélagið, umhverfismál og tækifærin sem bjóðast með skynsamlegri og ábyrgri uppbyggingu.



Einar Kr. Guðfinnsson
Stjórnarformaður
Landssamband
fiskeldisstöðva



Náttúrulegt hágæða fiskafóður

Framtíð bleikjueldis á Íslandi



Málstofustjóri:
Árni Ólafsson
Framkvæmdastjóri
Menja

Málstofa A1

Ráðstefnusalur:
Gullteigur A

Dagur:
Mánudagur

Tímasetning:
15:20-17:00



Umsjónarmaður málstofu:
Höskuldur Steinarsson
Framkvæmdastjóri
Landssamband fiskeldisstöðva

Gefið verður yfirlit yfir stöðu íslensk bleikjueldis í alþjóðlegu samhengi. Ísland er leiðandi í bleikjueldi á heimsvísu og sem felur m.a. í sér að við þurfum að hafa frumkvæði í rannsókna- og þróunarstarfi s.s. kynbótum, fódurmálum og heilbrigðismálum til að tryggja framgang og samkeppnishæfni greinarinnar. Hvernig höfum við staðið okkur og hverjar eru helstu áskoranir á næstu árum? Kynbætur og hroгнаframleiðsla leggja grunn að áframhaldandi uppbyggingu bleikjueldis á Íslandi en skiptar skoðanir eru um í hve miklu mæli kynbótastarfið hefur skilar sér inn í rekstur bleikjueldisfyrirtækja. Hvert stefnum við með rannsóknarvinnu og þróunarstarf? Er það að endurspegla áskoranirnar og þarfir greinarinnar m.t.t. áframhaldandi uppbyggingar? Hver er framtíðarsýn bleikjuframleiðenda á Íslandi? Hvað mun takmarka vöxt greinarinnar til skemmri og lengri tíma?



Jón Kjartan Jónsson
Framkvæmdastjóri fiskeldis
Samherji hf.

Bleikjueldi – hvað þarf til?

Farið verður lauslega yfir sögu bleikjueldis á Íslandi og það sett í samhengi við heimsframleiðslu. Gefið verður yfirlit yfir þær rannsóknir sem gerðar hafa verið í bleikjueldi á undanförunum árum og hvar áherslurnar þurfa að liggja á komandi árum til þess að greinin geti haldið áfram að vaxa. Jafnframt verður farið yfir í markaðsmál og reynt að spá fyrir um framtíðarhorfur í greininni.



Ólafur Sigurgeirsson
Lektor
Háskólinn á Hólum

Fóður – staðan og þróunarverkefni

Bleikja á Íslandi er að mestu leyti alin á innlendu fóðri samsettu að drjúgum hluta úr innlendu hráefni (fiskimjöl, rækjumjöl, lýsi). Fóðurrannsóknir undanfarin ár hafa einkum snúið að þrennu: a) skilgreining á próteinþörfum miðað við fiskstærð; b) áhrifum ólíkra prótein- og fitugjafa á vöxt, gæði og kostnað; c) áhrifum styrks náttúrulegra litarefna á holdlit. Fleiri innlend hráefni gætu komið til álita í hérkent fiskafóður í nánustu framtíð.



Einar Svavarsson
Sérfræðingur í fiskeldi
Háskólinn á Hólum

Árangur kynbótastarfs og hroгнаframleiðsla

Farið verður stuttlega yfir framkvæmd kynbótanna og síðan fjallað um árangur verkefnisins með þeim aðferðum sem tiltækar eru til þess.



Sveinbjörn Oddsson
Rekstrarstjóri
Matorka

Afrakstur kynbótastarfs og hroгнаframleiðsla

Erindið fjallar um mikilvægi kynbótastarfsins og afrakstur þess séð frá sjónarhóli eldismannsins. Hugleiðingar um áhrif framfara í kynbótum á afkomu fiskeldisfyrirtækja. Einnig verður rætt um þau atriði sem reynslan hefur kennt að þurfi að taka tillit til við áframhaldandi kynbætur. Tekin verða nokkur dæmi um mismunandi framleiðslu markmið og ólíkar eldisaðstæður við eldi á einum og sama stofninum.



Bernharð Laxdal
Dýralæknir
Fish Vet Group

Heilbrigðismál í bleikjueldi

Í erindinu verður fjallað um almenn atriði er lúta að heilbrigðismálum í fiskeldi. Fjallað verður um bleikjuna sem eldistegund og líffræði hennar. Þá mun verða gefið yfirlit yfir helstu sjúkdóma í íslensku bleikjueldi, viðbrögð við þeim sem og fyrirbyggjandi aðgerðir.



ÞVOTTASTÖÐ
FISKELDISPOKAR
FESTINGAR OG
ANKERISBÚNAÐUR

KVÍAR
FUGLANET
KASTNÆTUR

HAMPIÐJAN

FJARÐANET

VÓNIN®

STRONGER TOGETHER

Þörungarækt og nýting þörunga



Málstofustjóri:
Sjöfn Sigurgísladóttir
Framkvæmdastjóri
Keynatura

Málstofa B1

Ráðstefnusalur:
Gullteigur B

Dagur:
Mánudagur

Tímasetning:
15:20-17:00



Umsjónarmaður málstofu:
Halla Jónsdóttir
Yfirmaður rannsókna og
þróunar
KeyNatura

Ræktun smáþörunga er atvinnugrein á bernskuskeiði. Á Íslandi eru fimm fyrirtæki að rækta smáþörunga, eitt þeirra var komið með vörur á markað árið 2016. Ræktun smáþörunga á Íslandi fer fram í lokuðum kerfum. Þó slík ræktun sé dýrari borið saman við ræktun í opnum kerfum þá felur hún í sér aukið rekstraröryggi og hreinleika sem skilar hærra vöruverði á markaði. Á ráðstefnunni verður fjallað um ræktunartæknina sem notuð er á Íslandi, vöruþróun úr smáþörungum, og áskoranir og tækifæri sem eru framundan.

Stórþörungar hafa lengi verið nýttir sem fóður og fæða hérlandis og þeir hafa einnig í miklum mæli verið seldir sem þurrkuð hrávara bæði á innlendum og erlendum markaði. Fyrirtækjum sem framleiða verðmætar vörur úr þessu hráefni fer fjölgandi. Fjallað verður um magn nýtanlegra stórþörunga, nýtingu þeirra, virðisaukningu og vinnslutækni

Virðisaukning afurða og vöruþróun úr smáþörungum

Vinnsla lífvirkra efna úr smáþörungum er nýr iðnaður á Íslandi. Lífvirk efni sem má vinna úr þörungum eru margs konar til dæmis er þegar verið að vinna bæði karotenefnið astaxanthin og fitur sem eru ríkar af omega-3 olíum á Íslandi. Farið yfir þörungaafurðir með tilliti til verðmætis afurða. Farið yfir markaði með tilliti til virðisaukningar og rætt um vöruþróun úr smáþörungum.



Halla Jónsdóttir
Yfirmaður rannsókna og
þróunar
KeyNatura

Framþróun og ræktunartækni smáþörunga

Mikil og hröð þróun hefur átt sér stað á síðastliðnum árum þegar kemur að nýtingu smáþörunga. Á það bæði við um ræktunina sem slíka en einnig nýtingu lífvirkra efna úr lífmassa smáþörunga. Fyrirtækið Algalíf hefur undanfarin ár sérhæft sig í framleiðslu á andoxunarefninu astaxanthin úr þörungnum *Haematococcus pluvialis* og verður í fyrirlestrinum fjallað um ræktunartækni og vinnslu útfrá reynslu þess fyrirtækis.



Tryggvi Sturla Stefánsson
Rannsóknarstjóri
Algalíf

Stórþörungar – Umfang, nytjar og hömlur

Nytjar þörunga í heiminum um þessar mundir, ræktun, náttúrulegir stofnar, hefðbundnar nytjar á Íslandi, núverandi nytjar, stórþörungaflóra Íslands og mögulegar nytjategundir, helstu tækifæri og takmarkanir.



Karl Gunnarsson
Sérfræðingur
Hafrannsóknastofnun

Vinnsla og vöruþróun úr stórþörungum

Stórþörungar eru stór og verðmætur en jafnframt vannýttur lífmassi á Íslandi. Vaxandi eftirspurn er eftir verðmætum lífefnum sem finnast í stórþörungum en þeir geyma m.a. sérstök fjölfenól sem finnast einungis í brúnþörungum. Stórþörungar innihalda einnig mjög sérstakar og lífvirkar fjölsýkrur sem hægt er að nýta í margar mismunandi afurðir. Í erindinu verður fjallað nýtingu stórþörunga og hvernig vinna má lífefni og lífvirk efni úr þörungum í ýmsar verðmætar afurðir.



Rósa Jónsdóttir
Faglegur leiðtogi, Matís



Þorsteinn Ingi Sigfússon
Forstjóri
Nýsköpunarmiðstöð
Íslands

Virðisaukandi fyrirtæki í vinnslu þörunga

Um áratuga skeið hafa fyrirtæki unnið við vinnslu stórþörunga á Íslandi en vinnsla og ræktun smáþörunga er ný atvinnugrein sem er í örum vexti. Í erindinu verða dregnar saman upplýsingar um starfsemi þeirra fyrirtækja sem starfa í þörungavinnslu á Íslandi og gerð tilraun til að leggja mat á umfang þessa iðnaðar og framtíðarmöguleika.

Your Aquaculture Technology
and Service Partner



Málstofustjóri:
Hreiðar Þór Valtýsson
Lektor í
sjávarútvegsfræði
Háskólinn á Akureyri

Málstofa A2

Ráðstefnusalur:
Hvammur

Dagur:
Þriðjudagur

Tímasetning:
09:00-10:50



Umsjónarmaður
málstofu:
Elvar Árni Lund
Framkvæmdarstjóri
Fjarðaskel

Bláskel hefur verið ræktuð samfelld á Íslandi um árabil en með misjöfnum árangri þó. Framleiðslan hefur ekki dugað til að anna eftirspurn innanlands sem fer ört vaxandi og ennfremur eru mikil tækifæri framundan í útflutningi. Nýlega skilaði starfshópur um bláskeljarækt tillögum til sjávarútvegsráðherra og verður gerð grein fyrir niðurstöðum hópsins. Umfang einstakra fyrirtækja er lítið og kostnaður við mælingu heilnæmis bláskeljar fyrir uppskeru vegur þungt í rekstrinum. Farið verður yfir verklag við opnun svæða og leiðir til að draga úr kostnaði við mælingar á heilnæmi bláskeljar. Ýmsar aðferðir við ræktunartækni hafa verið reyndar hér á landi og komið verður með tillögum um aðferðir sem talið er að geti hentað á Íslandi við uppbyggingu greinarinnar á næstu árum.



Halldór Logi Friðgeirsson
Framkvæmdarstjóri
Strandaskel

Bláskeljaræktun í Steingrímsfirði

Strandaskel hefur stundað ræktun á bláskel í Steingrímsfirði í 10 ár. Í erindinu verður fjallað um það hvernig hefur gengið á þeim tíma og hvað við hjá Strandaskel höfum gert til að aðlaga okkur að aðstæðum í ræktun. Einnig verður sagt lítilega frá hvað gerst hefur vinnslu og sölumálum á bláskel hjá Strandaskel.



Sigurgeir Þorgeirsson
Ráðgjafi
Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneyti

Tillögur starfshóps um skeldýrarækt á Íslandi

Starfshópnum var falið að fara yfir skýrslu nefndar um stöðu og möguleika kræklingaræktar frá 2008, lög og stjórnvaldsreglur um skeldýrarækt á Íslandi og gera tillögur um breytingar eftir ástæðum. Enn fremur að kynna sér löggjöf og starfsskilyrði skeldýraræktar í nágrannalöndum og fara yfir stuðning við skeldýrarækt á Íslandi. Í erindinu verður gerð grein fyrir niðurstöðum og tillögum starfshópsins.

Heilnæmni íslenskrar bláskeljar - Kynning á AVS verkefnum

Kynning á AVS verkefninu „Aukin þekking á heilnæmi íslenskrar bláskeljar – rannsóknir á sambandi eitraðra svifþörunga í sjó og uppsöfnun eiturs í bláskel“. Markmiðið er að byggja upp innlenda sérþekkingu varðandi þörungaeitur á Íslandi sem er nauðsynleg bæði fyrir yfirvöld sem veita leyfi til að uppskera og fyrir íslenskum skelfiskiðnaði. Mátis mun greina þörungaeiturefni í holdsýnum af bláskel. Fjarðarskel ábyrgist regluleg afhending holdsýna og Hafró tegundagreinar og tel svifþörunga úr háf- og sjósýnum.



Dr. Sophie Jensen
Sérfræðingur
Mátis

Verklag við opnum svæða og uppskeruleyfi

Mikilvægt er að tryggja öryggi þeirra skeldýra sem eru sett á markað þannig að neytendum stafi ekki hætta af neyslu þeirra. Farið verður yfir ferli Matvælastofnunar við opnun ræktunar og veiðisvæða með öflun uppskeruheimildar s.s. umsókn, sýnatöku, greiningum sýna, gildistíma uppskeruheimildar og notkun skráningaskjala við uppskeru.



Dóra Gunnarsdóttir
Forstöðumaður
Neytendavernd
Matvælastofnun



Wim Bakker
CEO
Machinefabriek W.
Bakker b.v

Blue mussel farming in international context

Global musselfarming is presenting the methods of farming, harvesting and processing of mussels. And my view on the possibilities for doing this in Iceland.



Pentair kaupir Vaka

Á síðasta ári fagnaði Vaki fiskeldiskerfi 30 ára afmæli og víst er að margt hefur breyst í fiskeldinu á þessum langa tíma. Stærstu breytingar í rekstri fyrirtækisins urðu þó í nóvember síðastliðnum þegar Pentair Aquatic Eco Systems keypti öll hlutabréf í Vaka og er Vaki því orðinn hluti af þessu stóra fyrirtæki sem ætlar sér mikinn á fiskeldissviðinu á næstu árum. Pentair er alþjóðlegt fyrirtæki skráð á hlutabréfamarkaði bæði í New York og London, með ársveltu nálægt 900 milljörðum króna og meira en 30.000 starfsmenn um allan heim. Fyrirtækið starfar á nokkrum stórum sviðum meðal annars innan iðnaðar, orku, matvæla og vatnsmeðhöndlunar hverskonar. Aukinn fókus er á fiskeldi innan þessa stóra fyrirtækis og eru kaupin á Vaka ætluð til þess að tryggja framgang á helstu mörkuðum, sérstaklega í Noregi, Skotlandi og Chile þar sem Vaki hefur verið með starfsemi um árabil og með afar góða markaðsstöðu.

Með nýjum eigendum verða þær breytingar helstar hér heima að vöruúrvalið eykst til muna sem Vaki hefur að bjóða viðskiptavinum sínum. Til viðbótar við allar þær vörur sem Vaki hefur þróað og selt um árabil eins og fiskiteljara, stærðarmæla, flokkara, fiskidælur og fóðurkerfi verður nú boðið upp á Point4 súrefnissteina og eftirlitsbúnað margskonar, UV ljós, vatnsdælur af öllum stærðum, hreinsikerfi, loftun, ljós, fóðrara og hönnun á heildarlausnum í endurnýtingu á vatni. Áfram verður mikil áhersla á markaðstengda vöruþróun og með auknu vöruúrvali þarf að bæta við sölu- og þjónustufólki bæði hér heima og í dótturfélögum erlendis. Starfsfólk Vaka horfir björtum augum til aukinna umsvifa og nýrra áskorana.

Menntun í strandbúnaði



Málstofustjóri:
Stefán Óli Steingrímsson,
Dósent
Háskólinn á Hólum

Málstofa B2

Ráðstefnusalur:
Gullteigur B

Dagur:
Þriðjudagur

Tímasetning:
09:00-10:50

Strandbúnaður er atvinnugrein sem vex og dafnar með hagnýtingu þekkingar fjölmargra fræðasviða. Mikilvægt er að þekkingu sé miðlað á skilvirkan hátt til atvinnulífs og samfélags svo hagnýting hennar verði sem best. Menntun einstaklinga til fjölbreyttra starfa tengdum strandbúnaði er lykill að aukinni samkeppnishæfni greinarinnar. Í málstofunni verður framboð menntunar í strandbúnaði á Íslandi kynnt, óskir atvinnugreinarinnar um frekari þróun hennar ræddar sem og væntingar einstaklinga til náms og starfsumhverfis.



Umsjónarmaður málstofu:
Arnljótur Bjarki Bergsson
Sviðsstjóri
Innleiðing og áhrif
Matís

Staða og framtíðarsýn á menntun í fiskeldi

Mikilvægi menntunar fyrir uppbyggingu fiskeldis verður seint vanmetið enda má rekja mörg af fyrri áföllum í greininni til vanþekkingar og vanmati á þörf fyrir þekkingu. Menntunarþörf í fiskeldi er afar fjölbreytt og nær til allra skólastiga. Í erindinu verður reynt að greina þessa þörf og getu íslenskra menntastofnana til þess að sinna henni. Hröð uppbygging laxeldis á næstunni mun kalla á snör handtök við að mæta menntunarþörf fjölmargra nýrra starfsmanna.



Helgi Thorarensen
Prófessor
Háskólinn á Hólum

Samspil menntunar og þróunar strandbúnaðar

Í erindinu segir Rannveig frá tilurð, framkvæmd og helstu niðurstöðum doktorsverkefnis síns sem unnið var í nánú samstarfi við fiskeldisfyrirtækið Fiskey hf. sem hefur nú hætt starfsemi en var áður staðsett á Hjalteyri við Eyjafjörð. Doktorsverkefnið er gott dæmi um samspil menntunar og þróunar strandbúnaðar, þar sem raunveruleg vandamál fyrirtækja í framleiðslu geta myndað grunn að hagnýtum jafnt sem fræðilegum nemendaverkefnum. Niðurstöður slíkra verkefna skila fyrirtækjum enn fremur verðmætum upplýsingum sem hjálpar þeim að þróa áfram sína framleiðslu.



Rannveig Björnsdóttir
Forseti Viðskipta- og
raunvísindasviðs Háskólinn á
Akureyri

The role of education in aquaculture for the strengthening of coastal communities

The growth of aquaculture in Iceland presents several opportunities for coastal communities, particularly rural coastal communities. Education in aquaculture can primarily lead to an increase in employment in the growing industry, but several other factors are also at play. This lecture will focus on the gender imbalance in rural coastal communities, local identity in relation to aquaculture and local perceptions of employment in the industry, and the interaction and opportunities between tourism and aquaculture. The concept of a “social license to operate” for the aquaculture industry will also be presented.




Catherine Chambers
Fagsstjóri
Háskólasetur Vestfjarða

Óskir fyrirtækja í strandbúnaði eftir menntuðum starfsmönnum

Tilgangur erindisins er að fara yfir helstu menntun sem nýtist í fjölbreyttu umhverfi fiskeldis. Hvaða möguleikar eru til menntunar og endurmenntunar við fiskeldi sem eykur þjálfun, færni og menntun sem nýtist í okkar umhverfi.



Anna Vilborg Rúnarsdóttir
Mannauðsstjóri
Arnarlaxi



Gunnur Sveinsdóttir og
Braga Stefáný Mileris
KeyNatura

Geta nemendur skapað tækifæri í Strandbúnaði

Það getur verið mikill kostur fyrir fyrirtæki í strandbúnaði að fá inn nemendur. Nemendur geta komið með nýja þekkingu úr grunnnámi eða meistaranámi og nálgast þá viðfangsefnið frá öðru sjónarhorni en þeir reynslumeiri í strandbúnaði eru vanir. Við munum segja frá reynslu nemenda hjá KeyNatura og þeim viðfangsefnum sem við fáumst við dagsdaglega. Hvað það var sem fékk okkur til að velja KeyNatura fyrir lokaverkefnið okkar og hvernig við gætum skapað frekari tækifæri í strandbúnaði.



Arnþór Gústafsson
Eldisstjóri
Arctic Fish

Viðhorf starfsmanna sem lokið hafa námi í strandbúnaði

Erindið fjallar um þá möguleika sem liggja í menntun tengdri strandbúnaði, áskoranir og tækifæri. Fjallað verður um menntun í strandbúnaði út frá sjónarhóli útskrifaðra nemenda og út frá þörfum atvinnulífsins, hvað nýtist þegar á vinnumarkaðinn er komið og hvar mætti bæta í.



IRIS

IRIS AS - International Research Institute of Stavanger - er rannsóknastofnun staðsett í Stavanger í Noregi. Við hjá IRIS höfum frá árinu 1973 stundað rannsóknir á sviði fiskeldis, olíuvinnslu, nýrrar orku, umhverfi hafsins, líftækni, samfélagsmála og viðskiptaþróunar.

Hjá okkur býr mikil þekking og mannauður sem við nýtum til að skapa verðmæti. Við höfum lagt mikla áherslu á rannsóknir og þróun á sviði fiskeldis - og erum í dag stjórnendur og þátttakendur í fjölmörgum verkefnum á sviði fiskeldis - jafnt norrænum sem alþjóðlegum verkefnum. Við hjá IRIS eigum í góðu samstarfi við íslensk rannsóknaaðila og viljum leggja okkar af mörkum í uppbyggingu umhverfisvæns og sjálfbærs fiskeldis á Íslandi.

www.iris.no

Framtíð laxeldis og umhverfismál



Málstofustjóri:
Höskuldur Steinarsson
Framkvæmdastjóri
Landssamband
fiskeldisstöðva

Málstofa A3

Ráðstefnusalur:
Gullteigur A

Dagur:
Þriðjudagur

Tímasetning:
11:20-13:10



Umsjónarmaður málstofu:
Jónas Jónasson
Framkvæmdastjóri
Stofnfiskur

Laxeldi í sjókvíum er vaxandi atvinnugrein á Íslandi og miklar væntingar eru gerðar til greinarinnar við uppbyggingu atvinnutækifæra á landsbyggðinni. Gefið verður yfirlit yfir stöðu laxeldis og framtíðaráform. Viðhorf við uppbyggingu laxeldis í sjókvíum á Íslandi eru þó mismunandi en mesta andstaðan er vegna meintra neikvæðara umhverfisáhrifa. Það er hagur atvinnugreinarinnar að starfa í sátt við umhverfi sitt og stuðla að sjálfbærri nýtingu. Hér verður farið yfir hvaða aðferðir atvinnugreinin notast við til að lágmarka umhverfisáhrifin m.t.t. lífræns álags, erfðablöndunar og sjúkdómaáhrættu. Jafnframt verður fjallað um fiskafóðurframleiðslu og umhverfisáhrif.

Laxeldi á Íslandi – atvinnuuppbygging á landsbyggðinni

Strendur landsins hafa átt í mikilli varnarbaráttu þar sem mikil samþjöppun á vinnslu á hvítfisk hefur ollið því að störf hafa flust á færri og stærri hagkvæmari einingar. Mikið hefur verið reynt af hálfu íbúa og stjórnvalda að fá ný störf á þau svæði sem hafa orðið undir. Skýrslur um stöðuga fækkun hafa verið birtar og fækkun fólks staðreynd. Með tilkomu fiskeldis hefur náðst að skapa verðmæt störf í krafti áhættufjárfestingar laxeldisins.



Guðmundur Gíslson
Starfandi stjórnarformaður
Fiskeldi Austfjarða

Lífrænt álag við sjókvíar

Mikil áhersla er á að fiskeldi sé sjálfbært og skaði ekki umhverfi. Fjarðalax lagði mikla áherslu á vöktun og mælingar á umhverfisáhrifum. Í erindinu verður fjallað um hvernig var staðið að vöktun á vistkerfi í næst nágrenni eldiskvía og hvernig rannsóknir höfðu áhrif á verkgag og framkvæmda laxeldis.



Jón Örn Pálsson
Ráðgjafi
Eldi og umhverfi

Integrity of equipment, work procedures and prevention of failure and environmental impacts

Equipment integrity and use : How to prevent environmental impacts from fish escape at fish farms. Prevent pollution from fish farms, based on measurements and monitoring.



Olve Vangdal
Technical leader
DNV GL

Kynbætur og eldi á ófrjóum laxi

Í erindinu verður farið sögu laxakynbóta á Íslandi, frá því að Stofnfiskur hóf að bjóða hrogn til sölu á markaði. Farið verður yfir umfang kynbóta hjá Stofnfiski og almennt og hvernig kynbætur eru framkvæmdar almennt. Einnig verður farið hver framtíðin er í kynbótum og hvernig sameindafræðilegar aðferðir munu koma meiri inn í kynbætur í fiskeldi. Í erindinu verður komið inn á hvernig gera má eldislax ófrjóan og kom þannig í veg fyrir erfðablöndun við viltu stofna.



Theodór Kristjánsson
Rannsóknarstjóri
Stofnfiskur



Gísli Jónsson
Dýralæknir fisksjúkdóma
Matvælastofnun

Heilbrigðismál; áhætta og forvarnir

Íslenskt fiskeldi býr við þá fágætu aðstæður að vera laus við alvarlega veirusjúkdóma sem höggva stór skörð og valda miklum árlegum búsifjum hjá öðrum fiskeldisþjóðum. Þá hefur lega landsins og hitafar sjávar hjálpað til við að halda laxalús í lágmarki. Með auknu umfangi laxeldis er viðbúið að aukið álag á öllum stigum eldisins muni geta ógnað þessari góðu stöðu. Beita þarf öllum ráðum og traustum forvörnum svo forðast megi þær hættur sem ógnað gætu heilbrigði lagardýra.



Birgir Örn Smárason
Sérfræðingur og
doktorsnemi
Matís

Fóðurframleiðsla til fiskeldis – Áhrif á umhverfi

Fiskeldi hefur verið hampað fyrir að mæta þeirri gríðarlegu aukningu sem hefur verið í neyslu sjávarfangs. Það heldur áfram að vaxa hraðast af öllum matvælaframleiðslugreinum um leið og gagnrýni á umhverfisáhrif fiskeldis fer vaxandi. Rannsóknir sýna að framleiðsla á fóðri veldur mestum umhverfisáhrifum. Í þessu erindi verður farið yfir sögu og þróun fóðurs ásamt því að kynna rannsóknir sem miða að því að þróa svokallaða þriðju kynslóð af umhverfissvænna og sjálfbærara fiskafóðri.

We have the most efficient CO₂ aerator, and we can prove it.



GasBuster can increase production 2-3 times

Daily automatic cleaning - no need for manual washing.
GasBuster removes 70% CO₂ from fresh water - 60% from sea water (35ppt) - guaranteed. GasBuster gives controlled water current in fish tanks.



Vaxtasprotar strandbúnaðar



Málstofustjóri:
Hjörleifur Einarsson
Prófessor við Háskólann á
Akureyri

Málstofa B3

Ráðstefnusalur:
Gullteigur B

Dagur:
Þriðjudagur

Tímasetning:
11:20-13:10

Eljúsamir frumkvöðlar spreyta sig á að kanna möguleika sem felast í nýtingu nýrra tækifæra. Sala á ráðgjöf, ný aðferðafræði við ræktun sem og ræktun nýrra tegunda eru meðal þeirra sprota sem eru í farvatninu í íslenskum Strandbúnaði og geta orðið viðamiklir þættir í fjölbreyttri atvinnugrein. Í málstofunni verður sérstaklega vikið að nokkrum tegundum sem nú eru til skoðunar á Íslandi sem og möguleikum sem felast í að nýta þekkingu til verðmætasköpunar með því að marka leiðir til aukinnar sjálfbærni. Fjallað verður um þessi tækifæri í íslenskum strandbúnaði og samkeppnishæfni þeirra á alþjóðlegum markaði.



Umsjónarmaður málstofu:
Arnljótur Bjarki Bergsson
Sviðsstjóri
Innleiðing og áhrif
Matís



Þorleifur Eiríksson
Dýrafræðingur og
verkefnastjóri RORUM

Mat á lífrænu álagi í fiskeldi – leið til aukinnar sjálfbærni

Sjálfbært fiskeldi kallar eftir betri skilningi á áhrifum lífrænna leifa á vistfræðilega ferla á sjávarbotninum. Í rannsókn umhverfis laxeldi á Austfjörðum var skoðuð notkun á beinum mælingum á magni og eiginleikum lífræns efnis í botnsetinu, sem mælikvarði á umfang og útbreiðslu lífrænna leifa frá fiskeldinu. Niðurstöður þessara beinu mælinga í setinu eru í kjölfarið bornar saman við niðurstöður greininga á botndýrasamfélögum á sömu mælistöðvum.



Ragnheiður
Þórarinsdóttir
Framkvæmdastjóri
Svinna-verkfræði

Samrækt

Samrækt (enska: aquaponics) er samtenging fiskeldis og garðyrkju, þ.e. næringarríkt affallsvatn frá fiskeldinu er notað sem áburður fyrir plönturnar. Vatnið getur svo nýst aftur í fiskeldið. Aðferðin hefur verið að ryðja sér til rúms í Evrópu og eru nokkur sprotafyrirtæki að stíga sín fyrstu skref. Farið verður yfir aðferðarfræðina og stöðu samræktar í Evrópu.



Ragnar Jóhannsson
Sviðsstjóri eldis
og ræktunar
Hafrannsóknastofnun

Hrognafylling Ígulkeru

Stefnt að því að þróa eldiskerfi og þurrfóður til áframeldis á ígulkerum. Markmiðið er að nýta eldiskerfið og fóðrið við hrognauðgun og áframeldi skollakopps (*Strongylocentrotus droebachiensis*). Mjög góð verð fást fyrir fyrsta flokks hrogn úr skollakoppi og stærsti markaðurinn er í Austur Asíu en einnig er horft til nýrra markaða í Evrópu. Léleg hrognafylling á ýmsum veiðisvæðum takmarkar mjög veiðar og útflutning á ígulkerahrognum frá Íslandi en með þessari eldisaðferð væri hægt að stórbæta fyllingu og hrognagæði slíkra ígulkeru og skapa þannig forsendur fyrir margföldun á útflutningi ígulkeru og ígulkerahrogna frá Íslandi.

Hrognkelsi

Í þessum fyrirlestri verður fjallað um hrognkelsaeldi Hafrannsóknastofnunar og Stofnfisks í máli og myndum, allt frá kreistingu og frjóvgun hrogna fram að útsetningu í sjókvíar í Færeyjum. Einnig verður fjallað stuttlega um laxalúsafaraldurinn og frammistöðu hrognkelsanna við lúsaátið.



Tómas Árnason
Sérfræðingur á fiskeldissviði
Hafrannsóknastofnun



Kolbeinn Björnsson
Stjórnarformaður
Sæbýli

Kostir landeldis fyrir botnlæg sjávardýr- reynsla af sæeyrnaeldi á Eyrarbakka

Í þessum fyrirlestri verður farið yfir sögu sæeyrnaeldis á Íslandi og lærdóminn sem hægt er að draga af henni. Reynslan af SustainCycle eldiskerfinu verður til umræðu, en kerfið er hannað af Sæbýli ehf sem er lárétt landeldiskerfi (vertical farming) fyrir verðmæt botnlæg sjávardýr eins og sæeyru, ígulker og sæbjúgu. Einnig verður rýnt inn í framtíðina og tækifærin tengd landeldi fyrir botnlæg sjávardýr rædd.



Wim Bakker
CEO
Machinefabriek W. Bakker
b.v

Oysterfarming

Oysterfarming 2017 is showing the different methods of producing and processing oysters worldwide and describes a farming method that in my opinion would be suitable for the Icelandic conditions.

SAFER, SMARTER, GREENER

DNV GL



Aquaculture is the world's fastest growing protein producing sector and expected to be a main food source for animal protein. Fish farming needs to be carried out in a responsible manner in order to deliver the sustainable seafood products consumers demand.

Why partner with DNV GL?

DNV GL is a world-leading certification body.

We help businesses assure the performance of their organizations, products, people, facilities and supply chains through certification, verification, assessment, and training services.

Within the food and beverage industry, we help customers worldwide to achieve excellence in food safety and quality, environmental management, supply chain management and product sustainability. Partnering with our customers, we build sustainable business performance and create stakeholder trust.

DNV GL operates in more than 100 countries. Our professionals are dedicated to helping our customers make the world safer, smarter and greener.

For information please contact local office.

DNVGL, Fjarðargata 13-15, 220 Hafnarfjörður, Iceland

Phone: +354 5515150

E-mail: reykjavik.maritime@dnvgl.com

Íslenskur strandbúnaður og alþjóðlegt samhengi



Málstofustjóri:
Einar Kr. Guðfinnsson
Formaður
Landssamband
fiskeldisstöðva

Ráðstefnusalur:
Gullteigur

Dagur:
Þriðjudagur

Tímasetning:
13:40-15:00

Hver málstofustjóri gefur 5 mínútna yfirlit yfir það helsta sem kom fram í málstofunni og það markverðasta að þeirra mati þar sem haft verður til viðmiðunar:

- Ábendingar um mikilvæg rannsókna- og þróunarverkefni.
- Verkefni sem stjórnvöld og stofnanir þeirra þurfa að vinna að.
- Verkefni sem greinin getur haft frumkvæði að og unnið að framgangi.
- Niðurstöðu úr umræðu um samkeppnishæfni einstakra eldistegunda í alþjóðlegri samkeppni.
- Greina frá öðrum mikilvægum verkefnum sem komu fram í erindum og umræðum til að tryggja framgang íslensks strandbúnaðar.



Umsjónarmaður málstofu:
Valdimar Ingi Gunnarsson
Sjávarútvegsfræðingur
Sjávarútvegsþjónustan

Í lokin verður gefið yfirlit yfir strandbúnað á heimsvísu, hvernig hann hefur þróast og hvers er að vænta á næstu árum og áratugum. Í umræðum verður borið saman þróun í strandbúnaði hér á landi og í heiminum.



Samantekt úr málstofum

Strandbúnaður á Íslandi: Staða, framtíðarsýn og skipulag, Arnlfótur Bjarki Bergsson, Matís



Framtíð bleikjueldis á Íslandi, Árni Ólafsson, Menja



Þörungurækt og nýting þörunga, Sjöfn Sigurgísladóttir, KeyNatura



Ræktun bláskeljar, Hreiðar Valtýsson, Háskólinn á Akureyri



Menntun í strandbúnaði, Stefán Óli Steingrímsson, Háskólinn á Hólum



Framtíð laxeldis og umhverfismál, Höskuldur Steinarsson, Landssamband fiskeldisstöðva



Vaxtarsprotar strandbúnaðar, Hjörleifur Einarsson, Háskólinn á Akureyri



Mr. Xiaowei Zhou
Fisheries and Aquaculture Dep.
Food and Agriculture
Organization, of United Nations

Overview of world aquaculture – the development in the first 15 years in the new millennium

World aquaculture has grown to be at par with that of capture fishery in last decade, while the growth has gradually slowed down in the new millennium. Compared with other animal husbandry sectors aquaculture is greatly diverse in several dimensions of measurement, such as the farmed species, the technologies, culture environment and market, etc. The development status and production distribution are highly uneven and imbalanced across countries in the world. Both opportunities and challenges lie in front of us to sustain the sector's long term development and to contribute to widespread socio-economic development and food security on our planet.

Ráðstefnuslit



Sigurður Guðjónsson, forstjóri, Hafrannsóknastofnun



= rovatti pompe =



**Borholudælur
Frá 4" - 27"**



Dælur sem þú getur treyst

- Pípulagningaþjónusta
- Raflagnaþjónusta
- Dæluviðgerðir
- Ráðgjöf fyrir fiskeldið
- Forritun, iðnstýringar og hönnun
- Sala og leiga á búnaði



Eldislausnir

Bakkastíg 16 | 260 Njarðvík

Sími 895 3556 | 824 3410 | 612 5552

www.eldi.is | eldi@eldi.is

Íslenskt hugvit og framleiðsla